



# Öryggisleiðbeiningar (MSDS)

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 og tilskipunum 91/155/EEC og 93/112/EEC.

## 1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **LOTOXANE**

Dreifingaraðili: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Öryggisleiðbeiningar: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eitrunarupplýsingastöð Landspítala, Fossvogi, Reykjavík: sími 525 1111

## 2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
-	-	Aliphatic hydrocarbon solvent	80 - 100	(Xn H65)

Hættuflokkun innan sviga er flokkun framleiðanda.

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

## 3. Varúðarupplýsingar.

Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.



## 4. Skyndihjálp.

Við innöndun:	Flytjið slasaða strax í ferskt loft. Látið hann hvílast og haldið á honum hita. Leitið lækni.
Snerting við húð:	Þvoið húðina vandlega með miklu vatni og sápu. Berið mýkjandi krem á húðina.
Snerting við augu:	Skolið strax vandlega með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið; lyftið augnlokum. Leitið lækni ef erting er viðvarandi.
Við inntöku:	Framkallið EKKI uppköst. Skolið munn og háls vandlega með vatni. Leitið strax lækni.

## 5. Bruni / aðferðir við að slökkva eld.

Efni/aðferðir: Heppileg slökkviefni eru duft, froða eða kolsýra. Notið ekki vatn ef hjá því verður komist. Haldið lokuðum umbúðum með efninu á hættusvæðinu köldum með vatnsúða.

Sérstök hættu: -

## 6. Efnaleki.

Fjarlægjið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Loftræstið vandlega svæðið þar sem lekinn

LOTOXANE

varð. Látið efnið ekki berast í niðurföll eða út í umhverfið. Notið óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efni sem fer niður og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar.

### 7. Meðhöndlun og geymsla.

*Meðhöndlun:* Tryggið góða loftræstingu í vinnurými. Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki.

*Geymsla:* Geymist í upprunalegum umbúðum uppréttum á öruggum stað varið gegn hita, neistagjöfum og sterku sólarljósi. Geymsluhitastig 0 - 40°C.

### 8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.

*Tæknilegar aðgerðir:* Tryggið góða loftræstingu.

*Mengunarmörk:* -

*Persónuhlífar;*

*Öndunargrímur:* -

*Fyrir augu:* Vel lokuð hlífðargleraugu ef hætta er á slettum.

*Fyrir hendur:* Efnapólnir hlífðarhanskar.

*Fyrir húð:* -

*Hreinlæti við vinnu:* Þvoið hendur áður en matast er eða drukkið, áður en farið er á salerni og eftir vinnu.

### 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

*Ástand / útlit / lykt:* Vökvi / litlaus / lítil, mild

*Sýrustig (pH):* -

*Bræðslumark:* -

*Suðumark:* 180°C

*Blossamark:* 62°C (Pensky Martens)

*Hætta á sjálfíkveikju:* -

*Sprengimörk; neðri - efri:* 0,60 - 6,50%

*Eldnærandi eiginleikar:* -

*Gufuþrýstingur:* 0,05 kPa við 20°C

*Gufuþéttni:* -

*Seigja:* -

*Eðlisþyngd:* 0,77 (vatn = 1)

*Leysni:* Leysist ekki í vatni

### 10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

*Stöðugleiki:* Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður.

*Aðstæður sem skal forðast:* Hiti, opinn eldur og annað sem valdið getur íkveikju.

*Efni sem skal varast:* -

*Hættuleg niðurbrotsefni:* -

### 11. Eiturfræðilegar upplýsingar.

*Við innöndun:* Ertir slímhúðir í efri hluta öndunarfæra. Veldur höfuðverk, svima.

*Snerting við húð:* Ertandi.

*Snerting við augu:* Ertandi.

*Við inntöku:* Hættulegt: getur valdið lungnaskaða ef efnið kemst í lungu við inntöku eða uppköst. Ýmis einkenni frá meltingarfærum.

*Bráð eiturhrif:* -

*Langtímaáhrif:* -

**12. Hættur gagnvart umhverfinu.**

<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	Brotnar niður lífrænt.
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	-
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	-

**13. Förgun.**

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.

**14. Flutningur.**

*Efnið fellur ekki undir reglur um flutninga á hættulegum farmi.*

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur:	UN-nr.:	Númer og bókstafur:
	Nafn efnis:		
	Varúðarmerki:	Hættunr.:	Pökkunarflokkur:
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur:	UN-nr.:	Pökkunarflokkur:
	Ems:	MFAG:	
	Nafn efnis:		
	Varúðarmerki:		Sjávarmengandi:
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA flokkur:	UN-nr.:	Pökkunarflokkur:
	Nafn efnis:		Varúðarmerki:

*Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.*

**15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.**

*Varnaðarmerkingar: Varnaðarmerking er gerð skv. öryggisleiðbeiningum frá framleiðanda.*



*Varnaðarmerki:* Xn

*Inniheldur:* Leysiefni (úr jarðolíu)

<i>H - setningar:</i>	H65	Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.
	H66	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
<i>V - setningar:</i>	V37	Notið viðeigandi hlífðarhanska.
	V62	Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust lækni og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.
	V35	Vörunni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt.
	(V2)	GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

*Öryggislok, sem börn geta ekki opnað, á að vera á umbúðum þessarar vöru ef hún er seld á almennum markaði.*

*Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:*

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

**16. Aðrar upplýsingar.**

*Gert þann:* 19-03-04

*Dagsetning frumrits:* 26-09-02

*Breytt þann:* - *Breyttir liðir:* -

*Gert fyrir:* OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

*Unnið af:* EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

*Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:*

H65 Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

*Annað:* Þeir sem vinna með efnið þurfa að vera upplýstir um hættulega eiginleika þess og um nauðsynlegar varúðarráðstafanir við meðhöndlun. Tryggja þarf að nauðsynlegar persónuhlífar og öryggisbúnaður sé fyrir hendi.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS frá ARROW CHEMICALS LTD, Derbyshire, UK.